

407. fundur velferðarráðs 1. september 2021:

13. Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Akstursþjónustan er hugsuð sem ígildi strætó fyrir þau sem geta sjaldan eða aldrei notað hann. Því ætti verðskráin og þjónustan að vera alveg sambærileg. Ferð með akstursþjónustunni ætti ekki að vera dýrari en með strætó, ferðum ætti ekki að vera skammtað og meðan ekki er hægt að taka landsbyggðarstrætó (vegna eðlis fötlunar og vegna skorts á aðgengis vagna og biðstöðva) ætti að vera hægt að fara milli sveitarfélaga með akstursþjónustunni skv. gjaldskrá strætó. Þessu þarf að breyta enda hér um að ræða ósanngirni og mismunun.

Akstursþjónustan er hugsuð sem ígildi strætó fyrir þau sem geta sjaldan eða aldrei notað hann. Því ætti verðskráin og þjónustan að vera alveg sambærileg. Ferð með akstursþjónustunni ætti ekki að vera dýrari en með strætó, ferðum ætti ekki að vera skammtað og meðan ekki er hægt að taka landsbyggðarstrætó (vegna eðlis fötlunar og vegna skorts á aðgengi í vagna og biðstöðvar) ætti að vera hægt að fara milli sveitarfélaga með akstursþjónustunni skv. gjaldskrá strætó. Þessu þarf að breyta enda hér um að ræða ósanngirni og mismunun.